

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Sigurður Á Práinsson  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. febrúar 2014  
2014020009/42-5  
TB, KHS  
jgo/tb

### Taka æðareggja, eldi og slepping æðarfugla á Tjörnina í Reykjavík

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 11. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um beiðni Reykjavíkurborgar um undanþágu frá lögum nr. 64/1994 til að safna æðareggjum, unga þeim út, ala upp æðarunga og sleppa þeim síðan á Tjörnina í Reykjavík. Tilgangur verkefnisins er að viðhalda stofni æðarfugla við Tjörnina.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til að safna eggjum æðarfugls í framangreindum tilgangi og ala upp ungana enda stofn æðarfugls á Íslandi mjög stór. Stofnunin leggur áherslu á að aðstaða til að ala upp æðarunga verði í samræmi við lög um velferð dýra nr. 55/2013. Til að meta árangur af verkefninu telur Náttúrufræðistofnun rétt að Reykjavíkurborg sé gert skylt að skila skýrslu til ráðuneytisins þar sem meðal annars komi fram hvernig unganna var aflað, hversu margir ungar voru aldir, hve margir komust á legg, á hvaða fæði ungarnir voru aldir, helstu vandamál sem upp kunna að hafa komið í verkefninu og greint verði frá öðru sem kann að skipta máli. Einnig skal gera grein fyrir árangri af verkefninu í heild fyrir stofn æðarfugls við Tjörnina.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

